

**Menntaskólinn á Akureyri**  
**Vorönn 2013**  
**FYR173, valáfangi í 4. bekk**  
**Kennarar: Alma Oddgeirsdóttir og Logi Ásbjörnsson**

### **Áfangalýsing:**

Áfanginn miðar að því að efla skilning nemenda á fjölbreyttum fyrirtækjarekstri. Nemendur þróa viðskiptahugmynd og framkvæma nauðsynlegan undirbúning fyrir stofnun fyrirtækis. Þeir fjármagna stofnunina með sölu hlutabréfa, ráða í stöðugildi og búa til ítarlega viðskiptaáætlun. Henni er hrint í framkvæmd og fyrirtækið síðan gert upp með ársreikningi og skýrslu í lok tímabilsins. Framkvæmdin er höfð eins raunveruleg og kostur er. Höndlað er með peninga og nemendum veitt ábyrgð til mikilvægrar ákvarðanatöku. Fjallað er um lögmál efnahagslífsins, mismunandi starfssvið og mikilvægi jákvæðra samskipta.

### **Markmið:**

- Að efla skilning og þekkingu nemenda á því hvernig fyrirtæki eru skipulögð og rekin.
- Að kynna ólíka starfsvettvang og undirstöðuatriði þess að taka þátt í atvinnulífi.
- Að þróa skilning nemenda á lögmálum efnahagslífsins sem hafa áhrif á ákvarðanatöku og rekstur fyrirtækja.
- Að hlúa að jákvæðum samskiptum á milli nemenda og fólks/fyrirtækja úr atvinnulífinu.
- Að nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og hugsni á skapandi hátt.

### **Nemendur læra og framkvæma**

- Þróun viðskiptahugmynda
- Að sækja um og ráða í stöður í eigin fyrirtæki
- Gerð viðskiptaáætlunar, markmiðasetningu, markaðsmál, fjármál og starfmannamál.
- Að fjármagna eigin rekstur með sölu hlutabréfa
- Um siðferði, samvinnu, jákvæð samskipti, stjórnun, ábyrgð og ákvarðanatöku.

### **Kennsluhættir:**

Áfanginn byggist á sjálfstæðum vinnubrögðum og frumkvæði nemenda. Stuttar kynningar frá kennurum sem eru nemendum til ráðgjafar og stuðnings. Þar sem áfanginn byggist á hópvinnu er mætingaskylda í kennslustundir.

### **Námsmat:**

Vinnueinkunn (mæting, framvinduskýrslur, þátttaka) 40%  
Lokaverkefni 60%

### **Námsefni:**

Heimasíða ungra frumkvöðla, [www.ungirfrumkvodlar.is](http://www.ungirfrumkvodlar.is)  
Efni frá kennara.

Með ósk um gott samstarf á önninni,  
Alma og Logi

## FYR173 - kennsluáætlun

<b>1. febrúar</b>	Annar hópur hittir kennara, upphitun
<b>1. vika</b> 4.-8. febrúar	Kynning á áfanganum og markmiðum hans Hópaskipting Leggjum höfuðið í bleyti
<b>2. vika</b> 11.-15. febrúar	Ferilskrá og atvinnuumsókn Ráðið í ábyrgðarstöður
<b>3. vika</b> 18.-22. feb.	Mat á viðskiptahugmyndum
<b>4. vika</b> 25. feb. -1. mar	Val á vöru/þjónustu
<b>5. vika</b> 4.-8. mars	Unnið að viðskipaáætlun 6. mars – suðurferð – Vörumessa 8.-9. mars
<b>6. vika</b> 11.-15. mars	Unnið að viðskipaáætlun
<b>7. vika</b> 18.-22. mars	Markaðsmál Unnið að viðskipaáætlun
<b>8. vika</b> 22. mars	Páskaleyfi
<b>9. vika</b> 3.-5. apríl	Stjórnun og skipulag funda
<b>10. vika</b> 8.-12. apríl	Stjórnarfundir (Uppskeruhátíð í Rvk.)
<b>11. vika</b> 15.-19. apríl	Starfsemi fyrirtækisins
<b>12. vika</b> 22.-26. apríl	Starfsemi fyrirtækisins Gerð ársreikninga
<b>13. vika</b> 29. apr.- 3. maí	Starfsemi fyrirtækisins
<b>14.vika</b> 6. maí -10 maí	Starfsemi fyrirtækisins
<b>15. vika</b> 13.-17. maí	Lokaskýrsla
<b>16. vika</b> 20.-24. maí	Uppgjör, ígrundun

Með fyrirvara um breytingar;  
Alma og Logi